

Nd. **182. Frumvarp til laga** [141. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karvel Pálmason, Páll Pétursson.

1. gr.

7. tl. 28. gr. orðist svo:

Persónuafsláttur, orkustyrkur og barnabætur sem um ræðir í VI kafla laga þessara.

2. gr.

Á eftir 68. gr. laganna komi ný grein er verði 68. gr. a og orðist svo:

Orkustyrkur.

Ríkissjóður skal greiða orkustyrk til manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr.

Skal orkustyrkur nema 35% af sannanlegum beinum kostnaði manns á tekjuárinu við orkukaup til heimilisþarfa, svo sem kaup á orku til upphitunar íbúðarhúsnæðis til eigin þarfa og kaup á orku til ljósa og eldunar á heimili. Skal styrkurinn ákveðinn af skattstjóra á grundvelli framlagðra orkureikninga. Kaupi maður jafnframt orku til annarra þarfa en heimilisþarfa, t. d. vegna atvinnurekstrar, getur skattstjóri áætlað heimilisnot með hliðsjón af stærð húsnæðis og tegund orkugjafa. Ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut skal orkustyrkur greiddur því hjóna sem hærri hefur tekjur skv. 1. tl. 63. gr.

Orkustyrkur greiðist út til skattaðila að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda hans í þessari forgangs röð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.

4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
7. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt að kveða svo á í reglugerð að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um að útborganlegur orkustyrkur skiptist til greiðslu á fleiri en einum útborganardegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var flutt á síðasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu.

Með frv. þessu er gerð tillaga um að farin verði ný leið til þess að jafna orkukostnað íslenskra heimila, en mikill mismunur á orkuverði eftir búsetu er án efa það mál, sem nú stefnir byggðajafnvægi í mesta hættu og mun án efa, ef svo heldur fram sem horfir, leiða til mestu búseturöskunar á stuttum tíma sem orðið hefur á Íslandi. Ekkert eitt mál veldur íbúum landsbyggðarinnar nú jafnmiklum búsíðjum og einmitt misréttið í orkuverði, einkum í húshitunarmálum. Það misrétti verður að leiðrétta ef tryggja á eðlilega og nauðsynlega byggð í landinu.

Sú nýja leið, sem í frv. er gerð tillaga um að farin verði til þess að draga úr stórfelldum mismun á orkuverði eftir búsetu, er í því fólgin, að samhliða einhverri beinni verðjöfnun og niðurgreiðslu á orkuverði, eins og átt hafa sér stað, verði tiltekinn hluti orkukostnaðar heimila skv. reikningum notaður til lækkunar álagðra opinberra gjalda, sem eins konar skattafsláttur, og nemi orkuafsláttur hærri fjárhæð en nemur álögðum opinberum gjöldum verði mismunurinn greiddur út til viðkomandi úr ríkissjóði.

Þeim mun hærri sem útgjöld heimilis vegna orkunotkunar verða, þeim mun hærri skattafsláttar nýtur viðkomandi, og sé um lágtekjufólk að ræða, sem ekki nýtist orkukostnaður til skattafsláttar vegna lágra tekna, fá slík heimili hluta útlagðs orkukostnaðar í raun endurgreiddan úr ríkissjóði í mynd ónotaðs skattafsláttar eða orkustyrks. Þannig er í senn tekið tillit til misjafns orkuverðs í landinu, mishárra útgjalda fjölskyldna vegna orkunotkunar og mishárra tekna til þess að standa undir slíkum útgjöldum, jafnframt því sem sneitt er hjá flóknum og umdeildum reglum um framkvæmd niðurgreiðslna, sem ætíð hljóta að valda árekstrum. Með því að beita í senn nokkrum niðurgreiðslum og verðjöfnun á orku samhliða aðferðum eins og þeim, sem hér er gerð tillaga um, má draga úr ágöllum hverrar einstakrar aðferðar, en nýta jafnframt kosti hverrar og einnar. Síðan er hægt að breyta áhersluþunga með því t. d. að auka niðurgreiðslu/verðjöfnun samfara því sem dregið yrði úr því hlutfalli útlagðs orkukostnaðar, sem heimilað er til skattafsláttar, eða það hlutfall yrði aukið ef dregið yrði úr niðurgreiðslum. Í frv. er lagt til, að hlutfall þetta verði 35%, en sú tillaga þarfnast nánari skoðunar með hliðsjón af því niðurgreiðslustigi, sem ákveðið verður á útsöluverði á orku.

Frumvörp hafa áður verið flutt á Alþingi um að útlagður orkukostnaður verði heimilaður til frádráttar frá tekjum áður en skattar eru á þær lagðir. Hér er hins vegar um að ræða aðra og nýrri hugmynd — þá, að útlagður orkukostnaður verði notaður að hluta til þess að veita afslátt frá sköttum, eftir að þeir hafa verið á lagðir, og greiðist út til aðila sem orkustyrkur að því marki sem útlagður orkukostnaður samkv. framansögðu kann að vera umfram álögð gjöld.

Í yfirlýsingu þingflokka fjögurra, sem gefin var á síðasta þingi í sambandi við flutning frv. um breytingu í stjórnarskrá lýðveldisins, var sagt, að þingflokkarnir myndu beita sér fyrir sérstöku átaki til þess að draga úr félagslegu og efnalegu misrétti eftir búsetu. Stærsta viðfangsefnið í því sambandi er án efa varðandi jöfnun orkuverðs. Með samþykkt þessa frumvarps væri stórt skref stigið til jöfnunar orkuverðs til landsmanna, og þar með dregið úr félagslegu og efnalegu misrétti eftir búsetu.